

GLG-2017-05 Vistvæn orkuvinnsla í Grímsey

Umsækjandi er JT Consulting ehf. Orkuvinnsla í Grímsey hefur lengi verið til skoðunar, en þar er jarðefna eldsneyti bæði nýtt til raforkuframleiðslu og húskyndingar. Raforku- og upphitunarkostnaður í eygni er mjög mikill, og kallar á verulegar niðurgreiðslur frá hinu opinbera. Endurbætur á orkuvinnslu í eygni og orkuskipti yfir í vistvæna orkugjafa munu spara veruleg útgjöld, auk þess sem vistvæna orkuvinnslan mun stuðla að kolefnishlutleysi Grímseyjar.

Markmiðið er að byggja upp sjálfbært og vistvænt orkukerfi í Grímsey, sem nýtir vind og græna orku til raforkuframleiðslu og upphitunar. Orkukerfi eyjunnar verður vistvænt, þar sem jarðefnaeldsneyti verður hvorki nýtt til raforkuframleiðslu né til húshitunar. Vistvænt orkukerfi vegur þungt við kolefnisjöfnun í Grímsey, og hjálpar auk þess Akureyrarbæ að ná vistvænum markmiðum sínum. Vistvæn og sjálfbær orkuvinnsla í Grímsey fellur einnig vel að áherslum Íslands í loftlagsmálum og kolefnisjöfnun. Tæknileg úttekt sem ráðgjafafyrirtækið JT Consulting hefur gert, bendir til að hagkvæmt sé að reisa vindmyllur í Grímsey sem anna allri orkupörf eyjarinnar. Núverandi díselrafstöðvar verða jafnframt nýttar sem varaafli.

Sótt er um styrk til þess að undirbúa og kynna verkefnið, skipuleggja það og samræma og útfæra tæknilegar lausnir.

Verkefninu var úthlutað 1.500.000 kr.- árið 2017.